



Mat á starfsáætlun fyrir skólaárið 2014-2015



Anna Jóna Guðmundsdóttir

Leikskólastjóri, 4.sept.2015.

Mat á starfsáætlun leikskólans Ársala 2014-2015

Hvað varðar innra starf starfsáætlunarinnar er óhætt að segja að það hafi í öllum meginatriðum gengið eftir. Þá er átt við innihald og áherslur í starfinu almennt og starfið á deildunum. Þó varð sú grundvallarbreyting að allur flutningur barna á milli deilda og aldurstiga fór fram í byrjun júní. Útskriftarhópurinn flutti inn á Velli og hafði aðsetur þar í 5 vikur eða þar til fækkað hafði svo mikið í barnahópnum að þau fóru aftur inn í Þúfu síðustu tvær vikurnar fyrir sumarlokun. Hvað viðhald varðar eða öllu heldur óskir um viðhald var sumt látið bíða en brýnum verkefnum vel sinnt.

1. Viðhald og endurbætur – kafli 3.3.

Aðkallandi er að bæta úr bílastæðismálum við yngra stigið og búið að óska eftir því undanfarin ár en ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um að bæta úr því.

Hitakerfið á yngra stigi er ekki í góðu lagi. Ofnarnir þar verða sjóðheitir ef skrúfað er frá þeim og stafar börnunum hætta af. Það hefur ekki fengist varanleg bót á þessu.

Varðandi rakavandann á yngra stiginu hefur ekki verið fundin nein varanleg lausn. Það kemur alltaf annað slagið raki í suð-vestur hornið í Læk og norð-vestur hornið í Lóni.

Skipting lóðarinnar á eldra stiginu var ekki framkvæmd í sumar eins og óskað hafði verið eftir.

Laga þarf læsingu á stóra hliðinu á lóð eldra stigs og breyta þarf hliðinu þannig að það opnist út en ekki inn. Það er nauðsynlegt þegar moka þarf snjó af lóðinni að hliðið opnist út svo hægt sé að opna hliðið til að geta mokað snjóinn þar fyrir innan. Leikskólastjóri hefur í neyðartilfellum mokað þetta sjálfur en gefur ekki lengur kost á sér í það.

Eftirfarandi verkefni voru leyst:

Bæði helluborðið og bakarofninn í eldhúsi yngra stigs urðu ónýtt og var skipt út fyrir ný tæki.

Frystiskápurinn á yngra varð ónýtur og skipt út fyrir nýjan.

Þvottavélin á yngra stigi varða ónýtt og skipt út fyrir nýja.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fengu nýjar borðtölvur.

Skipt var um í sandkössum beggja stiga í júní og reyndar bætt við sandinn á eldra stigi í ágúst sem minnkað hafði óeðlilega mikið.

Rólum var skipt út á eldra stigi og keðjuplöstin endurnýjuð á nokkrum þeirra. Einnig var flutt ein öryggisróla af yngra stigi og yfir á eldra og ein dekkjaróla færð yfir á yngra stig í staðinn.

Nýtt og glæsilegt svið var útbúið fyrir Velli (salinn á eldra stigi) af áhaldahúsmönnum undir styrkri stjórn Eiríks smiðs. Við fengum það afhent þann 28.maí, fyrir útskrift elstu barnanna okkar.

Skipt var um gras á fótboltavellinum okkar á eldra stigi, það var handónýtt. Leikskólastjóri og Guðmundur Þór hafa rætt það hvort ekki væri betra að setja gervigras á blettinn. Á hverju sumri hefur þurft að skipta um þökur á vellinum en aldrei á öllum vellinum eins og nú í sumar.

2. Starfsrammi Ársala – kafli 5

Sveitarstjórn ákvað í vor að sumarlokun 2015 í Ársölum yrði tvær vikur í stað fjögurra eins og undanfarin ár. Þetta hafði í för með sér að ráða þurfti 5 starfsmenn í 100 % starfshlutfall hvern og aðlögun barna á milli aldursstiga fór fram í júní. Aðlögunin af yngra stigi og yfir á eldra stig í júní gekk mjög vel. Þá aðlögun sér starfsfólk leikskólans ætíð um og því fluttist stærstur hluti starfsmanna yngra stigs yfir á eldra stig í byrjun júní vegna þess að stærstur hluti barna yngra stigs var aðlagður yfir á eldra stig. Þetta fyrirkomulag var fínt og það er léttara fyrir „nýju“ börnin á eldra stigi að koma aftur inn í ágúst eftir sumarleyfi heldur en að aðlaga þau á milli stiga í ágúst. Auk þess hefst aðlögun þá einnig fyrr í ágúst á yngra stigi og þá er verið að koma betur til móts við óskir foreldra. Fyrirkomulagið var þannig að 1. júní fluttu útskriftarbörnin inn á Velli og 2.-3.júní færðust öll önnur börn sem til stóð að flytja á milli deilda á eldra stigi. Síðan færðust litlu krílin af yngra stigi yfir á eldra stig þann 4.júní ásamt starfsfólki sem var með þeim þar fram að sínum sumarfríum. Þetta var mikil breyting hjá okkur frá fyrri árum og tókst mjög vel og ég sé það fyrir mér að þetta er eitthvað sem óhætt er að endurtaka. Það veltur á hvernig árgangarnir standa af sér og hve mörg börn flytja á milli stiga. Það verður að skoða það frá ári til árs og með opnum huga. Það er ekkert í þessu starfi og skipulagi sem er ómögulegt heldur snýst þetta um að finna leiðir til lausna og að mínu mati leystum við eins vel úr málum og við gátum með hagsmuni barna, foreldra og starfsmanna að leiðarljósi.

Eins og áður sagði hafði þetta einnig þær breytingar í för með sér að elstu börnin fengu aðsetur á Völlum (þeirra deild) frá 1.júní -3.júlí undir deildarstjórn Sigríðar Halldóru sem var deildastjóri í Skógum í vetur. Þetta var gert til að verðandi skólahópur 2015-2016 færi strax á sínar deildir; 1.júní, þ.e. inn í Skóga og Þúfu með sínum deildastjórum. Þetta olli smá fjaðrafoki og má ýmislegt af þessu læra. Foreldrar og starfsmenn Þúfu voru ósáttir við þessa breytingu. Þann lærdóm má af þessu draga að gæfulegra er að boða foreldra og starfsmenn til fundar um leið og vitað er í hvað stefnir til að upplýsa um stöðu mála og koma í veg fyrir allan misskilning. Það skapaðist óþarfa óvissu-og áhyggjuástand vegna upplýsingaleysis. En það er mikilvægt að það komi fram að Sigríður deildarstjóri upplifði allt jákvætt inni á Völlum. Hennar tilfinning var sú að börnunum fyndist það spennandi tilbreyting og bara jákvætt að fá flytja sig inn á Velli. Áhersla var lögð á skipulagðar gönguferðir tvisvar í viku og sérlega spennandi fannst börnunum að „fá að vera ein“ á baklóðinni. Hræðsla foreldra fyrirfram um að börnin kynnu þessu illa, þau yrðu óörugg og myndu ekki vilja koma í leikskólann við þessar breyttu aðstæður reyndist óþörf og það virtist koma foreldrum skemmtilega á óvart. Það sannaðist sem við boðuðum að við myndum að sjálfsögðu leggja metnað okkar í að gera þessa breytingu eins vel úr garði og mögulegt væri til að það hentaði barnahópnum og kæmi til móts við þarfir allra.

Það má samt sem áður segja að ákvörðunin um þetta breytta fyrirkomulag sumarlokunar kom allt of seint og það er óþarfi að gera fólki erfitt fyrir og skapa óróa með slíkum ákvarðanatökum sem teknar eru á síðustu stundu. **Leikskólastjóri óskar hér með eftir því og leggur til að mörkuð verði stefna sem fylgt verði eftir til næstu þriggja ára hvað varðar sumarlokun Ársala og að ákveðið verði eigi síðar en um áramótin 2015-2016 hvernig sumarlokun skuli háttað næstu þrjú sumur.** Þá er hægt að vinna eftir fyrirfram gefnu skipulagi og engum þarf að líða þannig að komið sé aftan að honum. Í skólasamfélagi nútímans er hávær krafa um lýðræðisleg vinnubrögð. Það væri því í þeim anda að fulltrúi úr foreldraráði Ársala, leikskólastjóri og fræðslustjóri eða fulltrúi hans settu niður tillögu um fyrirkomulag sumarlokunar til næstu þriggja ára sem færi síðan fyrir fræðslunefnd nú í haust. Þannig að hægt væri að ákveða í sveitarstjórn fyrir áramótin hvernig þetta yrði næstu þrjú árin. Í öðrum miklu fjölmennari samfélögum en Skagafirði virðist vera hægt að ákveða slíka hluti nokkur ár fram í tímann. Því ætti það ekki að vera hægt hér?

Fjöldi barna var 168 skólaárið 204-2015, 120 börn á eldra stigi og 48 á yngra stigi.

3. Starfsmannahald Ársala – kafli 6

Talsvert var um langtímaveikindi af ýmsum toga á yfirstöðnu skólaári og var ráðið í þrjár 100% stöður vegna þessa sem komu ofan á þær sem fyrir voru. Þessi langtímaveikindi voru ófyrirsjáanleg og ljóst er að þetta kemur niður á rekstrarniðurstöðu skólans. Auk þess var almennt mikið um fjarveru starfsmanna vegna veikinda og því fylgir ætíð mikið álag fyrir þá sem mæta.

Frá og með 12.janúar 2015 var starfshlutfall verkefnisstjóra námsaðlögunar aukið úr 50% í 75%.

4. Símenntunaráætlun – kafli 6.4.

Ekki tókst að ljúka símenntunaráætlun skólans og er hún enn í vinnslu. En þrátt fyrir að sú áætlun sé ekki tilbúin er stjórnendum skólans umhugað um símenntun starfsmanna sinna og eru þeir hvattir til að sækja sér námskeið. Mikið framboð er af ýmiss konar námskeiðum þar sem flestir ættu að geta fundið eitthvað sem þá langar til að setja sig betur inn í, til að bæta sig í starfi og /eða endurmennta sig. Starfsmenn sækja yfirleitt um styrk hjá sínu stéttarfélagi fyrir námskeiðum og fá þá frí á launum til að sækja þau. Það kemur fyrir að leikskólinn býður starfsmönnum sínum upp á námskeið og það sem er blálitað hér í upptalningunni á eftir eru námskeið sem leikskólinn hefur greitt fyrir eða eru starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Hér er yfirlit yfir þau námskeið sem starfsmenn hafa sótt skólaárið 2014-2015:

- [Á Numicon-námskeið þann 11. ágúst:](#) aðstoðarleikskólastjóri, 8 leikskólakennarar og 1 starfsmaður
- [Fræðsludagur skóla í Skagafirði 18. ágúst:](#) allir starfsmenn
- Íslenski smábarnalistinn 2.okt.: verkefnisstjóri námsaðlögunar
- Íslenski þroskalistinn 3.okt.: verkefnisstjóri námsaðlögunar
- [Haustþing á Hvammstanga-Færni til framtíðar, 3.okt.:](#) allir starfsmenn
- [Haustþing á Hvammstanga-Efling í starfi, 3.okt:](#) allir starfsmenn
- [SMT-örnámskeið 16.sept.:](#) 4 starfsmenn, 1 leiðbeinandi A og verkefnisstj.námsaðlögunar
- IPAD-námskeið, 27.okt.: 1 leikskólakennari
- [Laðaðu það góða til þín, 3.nóv.:](#) allir starfsmenn
- [Gaman saman-tónlistarnámskeið, 3.nóv.:](#) allir starfsmenn
- Kvíði barna, 7.nóv.: verkefnisstjóri námsaðlögunar
- Snemmtæk íhlutun, 23.jan. : 2 leikskólakennarar

- Kvíði barna, 13.feb.: 1 starfsmaður
- Námsstefna FSL og Rannung, 27.mars: leikskólastjóri
- Sjálfsstyrking, 27.-30.apríl: 1 leikskólakennari
- Ráðstefna hjá VIRK, 5.maí: leikskólastjóri
- Snemmtæk íhlutun, 8.maí: leikskólasérkennari og verkefnisstj.námsaðlögunar
- TRAS-námskeið,10.apríl og 15.maí samtals 5 klst.: 15 leikskólakennarar
- Cars-einhverfugreining, 21.maí: verkefnisstjóri námsaðlögunar

Á skipulagsdegi þann 3.nóvember var starfsmönnum boðið upp á tvö námskeið. Annars vegar „laðaðu það góða til þín“ með Sigríði Arnardóttur og tónlistarnámskeiðið „gaman saman“ með Lindu Sigfúsdóttur og voru starfsmenn mjög ánægðir með þessi námskeið.

Leikskólastjóri er í fjarstýrðu stjórnendanámi frá Háskólanum á Bifröst ásamt fleiri yfirmönnum stofnana sveitarfélagsins. Námið fer þannig fram að kennt er í gegnum fjarfundabúnað og hist nokkra heila föstudaga yfir veturinn þar sem hlustað er á fyrirlestra og unnin hópaverkefni. Tilgangurinn er að styrkja stjórnendur í starfi og gera þá enn hæfari í störfum sínum.

5. Skólanámskrá – kafli 7.6.

Vinna við skólanámskrána gekk ágætlega og er stefnt að því að hún verði lögð fyrir starfsmannahópin og foreldraráð haustið 2015.

6. Læsi – kafli 7.5.

Ákveðið var að geyma það að útbúa stefnu leikskólans varðandi læsi og lestrarhvetjandi umhverfi þar til stefna sveitarfélagsins lægi fyrir í þeim efnum.

7. Innihald og áherslur – kafli 8.1.

Fjölmeningardagarnir voru 14 því í vetur voru hér börn af 13 þjóðernum auk Íslands. Löndin sem börnin eiga rætur í eru: Danmörk, Svíþjóð, Þýskaland, Pólland, Lettland, Suður-Afríka, Úkraína, Kúrdistan, Skotland, Kína, Marokkó, Ástralía og Bandaríkin. Það var því eldaður hádegisverður frá hverju þessara landa sem hófst með íslensku þorrablóti á bóndadaginn og síðan koll af kolli eftir það í 13 daga.

Í ár fór yngra stigið í skruðgöngu þann 16.júní í Ráðhúsið og var sungið á kaffistofunni fyrir starfsmenn Ráðhússins. Þetta var skemmtileg nýbreytni og allir höfðu gaman af. Eldra stigið ákvað að fara ekki vegna þess að þar var aðlögun af yngra stigi ný afstaðin.

Það má segja að frjálsa leiknum hafi verið gert hærra undir höfði en áður og deildir lögðu almennt meiri áherslu á hann þetta skólaárið.

Einnig var tekið á því með „Tákn með tali“ og farið skipulegar í notkun SMT.

Mikil ánægja var með leikfimtíma Dúfu Ásbjarnardóttur íþróttافرæðings en hún kom í hverri viku frá september og fram í desember, þar sem hún bauð börnunum á eldra stigi upp á leikfimtíma á Völlum.

8. Innra mat – kafli 13.

Ekkert var unnið í matskerfinu okkar „*Barninu í brennidepli*“, því ekki gafst tími fyrir það. Ekkert varð úr starfsmannakönnun á skólaárinu þar sem til stendur að leikskólar í Skagafirði fari í Skólapúlsinn og var því ákveðið að bíða með hana þar til á næsta skólaári.

9. Samstarf leik-og grunnskóla – kafli 9.2.

Þrettán unglingar frá Vinnuskólanum voru í vinnu hjá okkur í sumar og tveir á vegum VIT sem er atvinnuáttak fyrir ungt fólk frá 16-18 ára. Tveir unglinganna voru látnir fara eftir smá tíma þar sem þeir tóku ekki tilsögn og áttu erfitt með að fara eftir reglum leikskólans. Allir hinir stóðu sig með miklum sóma og virkileg hjálp í þeim.

Anna Jóna Guðmundsdóttir, leikskólastjóri.

